

Alþingi  
Erindi nr. P 125/1603  
komudagur 17.04.2000

Nefndarsvið Alþingis  
Þórshamri v/ Templarasund,  
150 Reykjavík

Seltjarnarnesi 13. apríl 2000

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breyting á höfundalögum, 325. mál.

Framkvæmdastjórn Sambands flytjenda og hljómplötuframleiðenda hefur borist framangreint frumvarp til umsagnar. Lýst er yfir stuðningi við frumvarpið og tekið er undir það sem fram kemur í athugasemdum við lagafrumvarpið að hið fyrsta þarf að breyta ákvæðum laganna varðandi gjöld fyrir upptöku verka til einkanota til samræmis við gjörbreytta upptökutækni. Hin gjörbreyttu not felast í hinni stafrænu upptökutækni sem gerir það að verkum að nú getur almenningur t.d. gert fullkomin hágæðaeintök af hljómplötum og tónlistarverkum sem sett eru í gagnabanka og dreift um heim allan með hjálp internetsins. Í stað 270.000 manna markaðar og um 100.000 heimila eru milljónir heimila nú aðgengileg sem markaður fyrir íslenska tónlist og á sama hátt er erlend tónlist hvaðanæva úr heiminum aðgengileg hér. Sé þessi dreifing leyfð án endurgjalds fá höfundar, flytjendur og framleiðendur ekkert í sinn hlut og ljóst að enginn úr þeirra röðum myndi að óbreyttu lifa af slíkt ófremdarástand.

Af þessum sökum verður að setja skýrar reglur með hvaða hætti megi fjölfalda verk þessara réttihafa til einkanota og hvað greiða eigi fyrir slík ótakmarkaða heimild og tryggja þarf auk þess að milliliðir fjölfaldi ekki verk réttihafa með ólögætum hætti og í hagnaðarskyni. Gjald af tækjum til hljóð- og upptöku og auðum hljóðböndum og myndböndum sem lögfest var árið 1984 var spor í þá átt að höfundar, flytjendur og framleiðendur fengju einhverjar bætur í sinn hlut fyrir fjölföldun eða eintakagerð ("kopieringu") til einkanota. Þótt þessi fjölföldun breytist tæknilega úr því að vera hliðræn ("analog") í stafrænt ("stafrænt") form hljóta sömu meginmarkmið enn að vera til staðar þ.e. að tryggja rétt þeirra sem búa verkin til flytja þau og markaðssetja.

Höfundalög eru þeirra gerðar að sífelldar tækniframfarir skapa síbreytilegt umhverfi og krefjast stöðugrar aðlögunar lagatexta við raunveruleikann. Nú er svo komið að það er beinlínis lífsnauðsynlegt að lögfesta einnig eðlilegt gjald af stafrænum diskum þ.e. CD-R, CD-RW og fleiri stafrænum formum. Þetta hafa nágrannarþjóðir okkar gert svo sem Svíar, Finnar, Hollendingar og fleiri. Er því lagt til að ákvæði þar að lútandi verði bætt inn í 11. grein laganna.

Virðingarfyllst,  
F.h. SFH  
Björn Th Arnason